

**Nr. 18-082 S 057 Hafborg EA 152*****Bilun í búnaði og ásigling í höfn***

Skipaskr.nr. 2940  
IMO: 9819557  
Útgerð: Hafborg Ehf.  
Smíðaður: Pólland 2017, stál  
Stærð: 283 bt.  
Mesta lengd: 25,98 m Skráð lengd: 24,94 m  
Breidd: 8,0 m Dýpt: 4,0 m  
Vél: Yanmar 480 kw, 2017  
Fjöldi skipverja: 5



Hafborg©NN

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. mars 2018 var netaskipið Hafborg EA 152 að koma til hafnar á Húsavík. Veður: Hægviðri.

Þegar skipið var komið inn í höfnina lenti það á Suðurgarðinum með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á bryggjunni og stefni skipsins rispaðist.

***Við rannsókn kom fram:***

- að þegar skipstjórinn ætlaði að setja aðalvélin á skurð afturábak drap hún á sér og skipið rann stjórnlaust á lítilli ferð á bryggjuna. Í ljós kom að nemi fyrir snúningshraða á aðalvélinni var bilaður sem lýsti sér þannig að við vissan snúning sendi hann þau boð að vélin væri komin á yfirsnúning og þá drap hún sjálfkrafa á sér;
- að þetta hafði komið fyrir áður en ekki var hægt að lesa bilun í tölvu vélarinnar svo unnt væri að gera við hana;
- að ekki fengust upplýsingar um heiti nemans en fram kom að erfitt reyndist að fá framleiðanda vélarinnar til að viðurkenna þetta sem bilun í vélbúnaði. Skipt var um nemann.

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins var bilun í vélbúnaði.